

Pétur Ingi Haraldsson,  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps  
Dalbraut 12, 840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. janúar 2013  
Tilvísun: UST20121200012/ksj

## Tillaga að deiliskipulagi fyrir fjallaselssvæðið við Þverbrekknamúla.

Vísað er til erindis er barst 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fjallasels að Þverbrekknamúla í Bláskógarbyggð.

### Markmið

Helstu markmið skipulagsáætlunarinnar eru eftirfarandi:

Að staðfesta núverandi mannvirki og heimila nýjar byggingar

Fyrirhugað er að byggja við núverandi skála og reisa skálavarðahús. Einnig er fyrirhugað að stækka salernishús.

Skipulagið er unnið á vegum Ferðafélags Íslands (FÍ) í samvinnu við Bláskógarbyggð.

Markmiðið með framkvæmdinni er að bjóða gönguhópum á hálandinu viðunandi gistingu og hreinlætisaðstöðu en einnig þarf að huga að starfsaðstöðu skálavarða.

### Staðhættir, náttúrufar og náttúrumínjar

Deiliskipulagssvæðið nær til 0,7 ha svæðis, er rúmar núverandi byggingar og fyrirhugaðar viðbætur.

Fram kemur í greinargerð að þrír byggingarreitir eru sýndir innan lóðar og að þar skuli öll hús staðsett.

### Áætlaðar framkvæmdir

Skipulags- og byggingarskilmálar fyrir áætlaðar framkvæmdir á svæði fjallasels við Þverbrekknamúla eru að mati Umhverfisstofnunar ásættanlegir. Í skilmálunum koma stærðir og hæðir skýrt fram. Einnig eru upplýsingar skýrar hvað varðar frárennsli og rotþrær, neysluvatn og vatnsvernd, rafmagn, girðingar og annað það er lítur að uppbyggingu staðarins.

Að mati Umhverfisstofnunar kemur fram í greinargerð og umhverfisskýrslu hvernig áætlað er að haga framkvæmdum við áframhaldandi uppbyggingu fjallasels við Þverbrekknamúla.

### Framkvæmdatími

Umhverfisstofnun vill benda á að æskilegt er að velja framkvæmdartíma með tilliti til viðkvæmni lands og gróðurs. Við framkvæmd er mikilvægt að jarðrask og rask á gróðri verði

haldið í lágmarki.

### **Gróður/gróðursetningar**

Stofnunin telur brýnt að það komi fram í deiliskipulagsskilmálum að óheimilt er að gróðursetja framandi tré og plöntur á svæðinu enda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofar 500 metra hæðar yfir sjó.

### **Vegir og bílastæði**

Umhverfisstofnun vill benda á að skv. lögum nr. 44/1999 er utanvegaakstur bannaður. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að öll bílastæði við mannvirki verði vel afmörkuð til að sporna gegn utanvegaakstri og að merkingar séu samræmdar í últiti og myndi eina útlitslega heild.

### **Niðurstaða**

Að mati Umhverfisstofnunar munu ofangreindar framkvæmdir ekki hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif ef farið er eftir þeim skilmálum og leiðbeiningum sem fram koma á upprætti og greinargerð.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun